

Tillaga mannauðsteymis um úthlutun launaðra námsleyfa- og styrkja fyrir haustönn 2015

Lagt fyrir bæjarráð 18. júní 2015, Berglind G. Bergþórsdóttir mannauðsstjóri.

Á fundi mannauðsteymis sem haldinn var föstudaginn 22. maí 2015 var fjallað um umsóknir um námsleyfi. Eftirfarandi er úr fundargerð teymisins:

Námsleyfi haust 2015

Fjórar umsóknir bárust um námsleyfi, Guðfinna Guðnadóttir deildarstjóri leikskóla óskar eftir 4 mánuða leyfi, 30% fjarvera á tímabilinu, Marín G. Hrafnadóttir menningar- og ferðamálafulltrúi óskar eftir 4 mánaða leyfi, 100% fjarvera, Linda B Snæbjörnsdóttir aðstoðamaður leikskóla óskar eftir 3 vikna leyfi, er í 50% starfshlutfalli og Berglind S. Arnbjörnsdóttir sérkennari leikskóla óskar eftir 3,5 mánaða leyfi, 50% fjarvera. Fjármagn sem er til ráðstöfunar er 2,5 miljónir á haustönn 2015. Út frá forgangs röðun var eftirfarandi samþykkt:

Lagt er til að öllum sé úthlutað jafn löngu námsleyfi þ.e.a.s. hámark 2 mánuðum á komandi hausti sökum þess að fjármagn til úthlutunar er takmarkað.

Mannauðsteymið leggur því eftirfarandi til við bæjarráð:
Launuð námsleyfi verði veitt sem hér segir á haustönn 2015:

Guðfinna Guðnadóttir (kt. 261150-3799), deildarstjóri Hlíðarbergi fái 2 mánuði í námsleyfi til að stunda diplómanám í hagnýtri safnafræði við Háskóla Íslands.

Marín G. Hrafnadóttir (kt. 270368-4689), menningar- og ferðamálafulltrúi, fái 2 mánuði í námsleyfi til að stunda diplómanám í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands.

Linda B. Snæbjörnsdóttir (kt. 140768-4649), aðstoðarmaður Hlíðarbergi, fái 3 vikur í námsleyfi til að stunda nám í þroskaþjálfunarfræðum við Háskóla Íslands.

Berglind S. Arngrímsdóttir (kt. 091181-2909), sérkennari Tjarnarás, fái 2 mánuði í námsleyfi til að stunda nám í diplóma í sérkennslufræðum við Háskóla Íslands.